

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU NÍU MÁNUÐUM ÁRSINS 2014

Hagnaður Arion banka á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 nam 22,6 milljörðum króna eftir skatta samanborið við 10,1 milljarð króna á sama tímabili 2013. Arðsemi eigin fjár var 19,9% samanborið við 10,0% á sama tímabili árið 2013. Heildareignir námu 942,2 milljörðum króna samanborið við 938,9 milljarða króna í árslok 2013.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok tímabilsins var 24,6% en var 23,6% í árslok 2013.

Helstu atriði árshlutareikningsins:

- Hagnaður eftir skatta nam 22,6 mö.kr. samanborið við 10,1 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi nam 5,2 mö.kr. samanborið við 4,2 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2013.
- Rekstrartekjur hækka á milli ára og námu 38,3 mö.kr. samanborið við 31,6 ma.kr. á sama tímabili árið 2013. Mesta hækkunin er í hreinum fjármunatekjum.
- Hreinar vaxtatekjur námu 18,3 mö.kr. og eru óbreyttar frá sama tímabili 2013.
- Hreinar þóknatekjur námu 10,1 ma.kr. samanborið við 8,3 ma.kr. á sama tímabili 2013. Aukningin er einkum tilkomin vegna hærri þóknatekna af greiðslukortum og af starfsemi fjárfestingarbankasviðs.
- Tekju- og bankaskattar námu samtals 6,5 mö.kr. samanborið við 3,1 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hagnaður af aflagðri starfsemi nam 6,6 mö.kr. samanborið við 3 m.kr. tap á sama tíma 2013. Hagnaðurinn er nær eingöngu tilkomin vegna sölu á 18,8% eignarhlut bankans í HB Granda hf. á öðrum ársfjórðungi 2014.
- Rekstrarkostnaður nam 18,6 mö.kr. samanborið við 18,2 ma.kr. á sama tímabili 2013.
- Hrein virðisbreyting er jákvæð á tímabilinu og nemur 2,9 mö.kr. samanborið við 119 m.kr. gjaldfærslu á sama tímabili 2013. Virðisaukning útlána til fyrirtækja nemur 2,2 mö.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins. Þá nemur hrein virðisrýrnun útlána til einstaklinga 0,2 mö.kr. á sama tímabili. Virðisaukning annarra eigna nemur 0,7 mö.kr. á tímabilinu.
- Arðsemi eigin fjár var 19,9% en var 10,0% á sama tímabili 2013.
- Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna var 2,9% eða óbreyttur frá sama tímabili árið 2013.
- Kostnaðarhlutfall var 48,7% en var 57,6% á sama tímabili 2013 og kemur einkum til af hærri rekstrartekjum.
- Heildareignir námu 942,2 mö.kr., samanborið við 938,9 ma.kr. í árslok 2013.
- Eigið fé bankans var 159,8 ma.kr. en nam 144,9 mö.kr. í lok árs 2013. Bankinn greiddi arð til hluthafa sinna á öðrum ársfjórðungi upp á 7,8 ma.kr.
- Eiginfjárhlutfall nam 24,6% í lok tímabilsins samanborið við 23,6% í árslok 2013.



Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka:

„Afkoma bankans fyrstu níu mánuði ársins er góð. Þetta er sterkt uppgjör og er arðsemi bankans á tímabilinu rétt um 20%. Vissulega er það svo að óreglulegir liðir hafa jákvæð áhrif á uppgjörið og vegur þar þyngst sala bankans á hlut í HB Granda og skráning félagsins á markað í apríl. Við erum ánægð að sjá áframhaldandi stöðugleika í grunnrekstri bankans og eru allar tekjuskapandi einingar bankans að skila ágætri afkomu. Ég er sérstaklega ánægður með þann árangur sem hefur náðst á sviði þóknunatekna sem vaxa um 22% á milli ára og færast nær okkar markmiðum. Horft fram á veg eru þó áfram áskoranir á kostnaðarhliðinni.

Eiginfjárlutfall banks er áfram sterkt sem við teljum afar mikilvægt því enn eru óvissuþættir í okkar starfsumhverfi.

Við náum árangri í að lækka hlutfall vandræðalána og sjáum fram á enn frekari lækkun á árinu. Víða erlendis er hlutfall vandræðalána að hækka en þróunin hér á landi á undanförunum árum hefur verið jákvæð og helst í hendur við lækkandi skuldsetningu heimila og fyrirtækja, en skuldsetning fyrirtækja sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur ekki verið lægri síðan síðla árs 2004“.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.



Rekstrarreikningur – helstu atriði

Rekstrarreikningur				
Í milljónum króna	9 mán. '14	9 mán. '13	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	18.309	18.313	(4)	(0%)
Hreinar þóknatekjur	10.119	8.284	1.835	22%
Hreinar fjármunatekjur	5.297	1.989	3.308	166%
Hreinn gengishagnaður (tap)	564	(1.035)	1.599	(154%)
Aðrar rekstrartekjur	3.963	4.035	(72)	(2%)
Rekstrartekjur	38.252	31.586	6.666	21%
Laun og launatengd gjöld	(10.026)	(9.439)	(587)	6%
Annar rekstrarkostnaður	(8.598)	(8.744)	146	(2%)
Hrein virðisbreyting	2.877	(119)	2.996	(2.518%)
Hagnaður fyrir skatta	22.505	13.284	9.221	69%
Tekjuskattur	(4.456)	(2.851)	(1.605)	56%
Bankaskattur	(2.008)	(300)	(1.708)	569%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	16.041	10.133	5.908	58%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	6.592	(3)	6.595	-
Hagnaður tímabilsins	22.633	10.130	12.503	123%

Rekstrartekjur

Rekstrartekjur hækka talsvert á milli ára eða um 6.666 milljónir króna. Rekstrartekjur námu 38.252 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2014, samanborið við 31.586 milljónir króna á sama tímabili árið 2013. Hækkunin er einkum tilkomin vegna 3.308 milljóna króna hækkunar á hreinum fjármunatekjum, 1.835 milljóna króna hækkunar á hreinum þóknatekjum og 1.599 milljóna króna viðsnúningi á hreinum gengishagnaði.

Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 18.309 milljónum króna og eru nánast óbreyttar frá sama tíma 2013. Vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,9% á tímabilinu en það er óbreytt hlutfall frá sama tímabili 2013.

Hreinar þóknatekjur aukast um 22% milli ára og námu 10.119 milljónum króna samanborið við 8.284 milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2013. Aukningin er að mestu tilkomin vegna hærri þóknatekna af greiðslukortum og af auknum umsvifum á fjárfestingarbankasviði.

Hreinar fjármunatekjur hækkuðu mikið milli ára og námu 5.297 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2014 samanborið við 1.989 milljónir króna á sama tímabili 2013. Mestu munar þar um uppreikning á eignarhlut í HB Granda hf. en félagið var skráð á Aðalmarkað Nasdaq á Íslandi í apríl 2014. Ef eignarhlutir bankans í HB Granda hf. og Högum hf. eru undanskyldir hafa markaðsaðstæður á íslenskum verðbréfamarkaði á tímabilinu haft neikvæð áhrif á hlutabréfa- og skuldabréfaeign samstæðunnar. Arðstekjur voru ríflega 800 milljónum króna hærri á fyrstu níu mánuðum ársins en á sama tímabili 2013.

Hreinn gengishagnaður nam 564 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 1.035 milljóna króna gengistap á sama tíma 2013. Hreinn gjaldeyrisjófnumður samstæðunnar nam 16,6 milljörðum króna í lok tímabilsins sem felur í sér að gengissveiflur hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur. Nettó gjaldeyrisjófnumður var 31,6 milljarður króna í árslok 2013 en bankinn hefur unnið markvisst að lækkun á hreinni gjaldeyrisstöðu sinni. Gjaldeyrisjófnumður móðurfélagsins er langt innan þeirra 15% marka sem Seðlabankinn setur.

Aðrar rekstrartekjur námu 3.963 milljónum króna á tímabilinu samanborið við 4.035 milljónir króna á sama tíma 2013. Helstu tekjur sem falla undir aðrar rekstrartekjur eru leigutekjur, virðisbreytingar og söluhagnaður af atvinnuhúsnæði í eigu Landfesta ehf. (fyrrum dótturfélags bankans sem selt var í lok júní 2014) og Landeyja samstæðunnar og tekjur af iðgjöldum hjá OKKAR líftryggingum hf. Hækkun frá



fyrra ári skýrist einkum af hærri matsbreytingum á fjárfestingareignum og söluhagnaði af eignarhlut bankans í Landfestum ehf.

Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður fyrstu níu mánuði ársins 2014 nam samtals 18.624 milljónum króna og hefur hækkað lítillega frá sama tímabili árið 2013. Kostnaðarhlutfall lækkar í 48,7% en var 57,6% á sama tíma árið 2013. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,6% sem er óbreytt frá sama tíma 2013.

Laun og launategd gjöld námu 10.026 milljónum króna samanborið við 9.439 milljónir króna á sama tímabili árið 2013, sem er hækkun upp á 6,2%. Hluti hækkunarinnar kemur til af samningsbundnum hækkunum upp á 2,8% og áætluðum kostnaði af kaupaukakerfi sem ekki var til staðar á sama tímabili 2013. Stöðugildi samstæðunnar á tímabilinu voru að meðaltali 1.130 samanborið við 1.164 á sama tíma árið 2013.

Annar rekstrarkostnaður nam 8.598 milljónum króna samanborið við 8.744 milljónir króna á sama tímabili á árinu 2013. Lækkunin skýrist af gjaldfærslu sektar frá Samkeppniseftirlitinu hjá dótturfélaginu Valitor hf. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2013. Annar rekstrarkostnaður er í takt við væntingar á tímabilinu.

Virðisbreytingar útlána

Hrein virðisbreyting nam 2.877 milljónum króna og skiptist í stórum dráttum í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða hreina virðishækkun á lánum til fyrirtækja upp á 2.262 milljónir króna. Í öðru lagi er hrein virðisrýrnun vegna útlána til einstaklinga 193 milljónir króna á tímabilinu. Í þriðja lagi er hrein virðishækkun annarra eigna 683 milljónir króna.

Skattar

Tekjuskattur nam 4.456 milljónum króna samanborið við 2.851 milljón króna á sama tímabili árið 2013. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í árshlutareikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 19,8% fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2014 samanborið við 21,5% á sama tíma árið 2013.

Bankaskattur nam 2.008 milljónum króna samanborið við 300 milljónir króna á sama tímabili árið 2013. Skatthlutfallið hækkaði úr 0,041% í 0,376% í árslok 2013.

Afkoma af aflagðri starfsemi

Hagnaður af aflagðri starfsemi nam 6.592 milljónum króna samanborið við 3 milljóna króna tap á sama tímabili árið 2013. Í apríl sl. seldi bankinn 18,8% hlut í HB Granda hf., en bankinn átti fyrir söluna 31% hlut, og er stærstur hluti þessa hagnaðar tilkominn af þeirri sölu. Í kjölfar sölunnar og skráningar félagsins á markað var eignarhlutur bankans fluttur undir verðbréfaeign og tekur hann verðbreytingum í samræmi við skráð gengi. Þær virðisbreytingar flokkast undir hreinar fjármunatekjur í rekstrarreikningi.



Þriðji ársfjórðungur 2014

Afkoma þriðja ársfjórðungs 2014 var góð. Arðsemi eigin fjár var 13,3% samanborið við 12,2% arðsemi eigin fjár á þriðja ársfjórðungi 2013.

Rekstrarreikningur				
<i>Í milljónum króna</i>	3F 2014	3F 2013	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	6.343	5.646	697	12%
Hreinar þóknatekjur	3.526	2.986	540	18%
Hreinar fjármunatekjur	1.582	445	1.137	256%
Hreinn gengishagnaður (tap)	412	213	199	93%
Aðrar rekstrartekjur	686	1.610	(924)	(57%)
Rekstrartekjur	12.552	10.900	1.649	15%
Laun og launatengd gjöld	(2.862)	(2.760)	(102)	4%
Annar rekstrarkostnaður	(2.787)	(2.516)	(271)	11%
Hrein virðisbreyting	876	(253)	1.129	(446%)
Hagnaður fyrir skatta	7.779	5.371	2.408	45%
Tekjuskattur	(1.989)	(1.102)	(887)	80%
Bankaskattur	(633)	(112)	(521)	465%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	5.157	4.157	1.000	24%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	67	62	5	8%
Hagnaður tímabilsins	5.224	4.219	1.005	24%

Rekstrartekjur á þriðja ársfjórðungi hækka um 15% milli ára. Mikil hækkun er í hreinum fjármunatekjum, þar sem hækkun á markaðsvirði eignarhluta bankans í HB Granda hf. vegur þungt. Þá hækka hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknatekjur milli ára. Aðrar rekstrartekjur lækka en þar hefur brotthvarf Landfesta ehf. úr samstæðunni í lok annars ársfjórðungs mest áhrif.

Rekstrarkostnaður er í heild lítillaga hærrí á þriðja ársfjórðungi 2014 samanborið við þriðja ársfjórðung 2013. Þrátt fyrir hækkun launakostnaðar m.a. vegna nýs kaupaukakerfis í bankanum sem og samningsbundinna hækkana launa standa laun nánast í stað frá sama tímabili á árinu 2013 en meðalfjöldi stöðugilda lækkar um 20 á þriðja ársfjórðungi ársins 2014 samanborið við sama tímabil á árinu 2013.





Efnahagsreikningur – helstu atriði

Eignir	30.09.2014	31.12.2013	Breyt.%	30.09.2013	Breyt.%
<i>Í milljónum króna</i>					
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	33.335	37.999	(12%)	20.116	66%
Lán til lánastofnana	108.621	102.307	6%	113.202	(4%)
Lán til viðskiptavina	652.598	635.774	3%	576.204	13%
Verðbréfaeign	99.223	86.541	15%	154.387	(36%)
Fjárfestingareignir	2.901	28.523	(90%)	29.382	(90%)
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	22.025	17.929	23%	14.856	48%
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	4.210	10.046	(58%)	9.931	(58%)
Aðrar eignir	19.257	19.731	(2%)	18.866	2%
Eignir samtals	942.171	938.850	0%	936.944	1%

Heildareignir samstæðu Arion banka námu 942.171 milljónum króna í lok tímabilsins samanborið við 938.850 milljónir króna í árslok 2013. Breytingar á einstökum eignaflokkum á tímabilinu eru einkum vegna breytinga í lausafjárstýringu bankans sem birtist í lægri innstæðum hjá Seðlabanka Íslands, hækkun á lánum hjá lánastofnunum og aukinni verðbréfaeign. Þá var nokkuð um nýjar lánveitingar á tímabilinu, bæði til einstaklinga og fyrirtækja í sjávarútvegi, fasteignarekstri og iðnaði.

Lán til viðskiptavina

Lán til viðskiptavina námu 652.598 milljónum króna í lok september 2014 samanborið við 635.774 milljónir króna í lok árs 2013. Frá árinu 2010 hefur samsetning lánabókar samstæðunnar breyst mikið. Á það bæði við um skiptingu milli lána til einstaklinga og fyrirtækja og einnig samsetningu eftir því hvort lánin eru verðtryggð, óverðtryggð eða í erlendum myntum. Á meðfylgjandi myndum má sjá þessa þróun, sem litast verulega af tveimur atburðum. Í fyrsta lagi af kaupum bankans á Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund, sem var íbúðalánasjóður Kaupþings, í árslok 2011 og í annan stað af uppgjöri á Dróma skuldabréfi, þar sem bankinn eignaðist einstaklingslán að virði ríflega 50 milljarða króna í árslok 2013. Hlutfall lána til einstaklinga er komið upp undir 50% af lánasafni bankans til viðskiptavina og er það í samræmi við markmið bankans. Íbúðarlán eru stór hluti af lánum til einstaklinga og umtalsverður hluti þeirra er áhættulítillán með góða veðstöðu.





Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 99.223 milljónum króna í lok tímabils samanborið við 86.541 milljónir króna í lok árs 2013.

Verðbréfaeign					
Í milljónum króna	30.09.2014	31.12.2013	Breyt.%	30.09.2013	Breyt.%
Skuldabréf	65.699	62.171	6%	131.511	(50%)
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	25.277	17.449	45%	17.748	42%
Afleiðusamningar	1.306	1.070	22%	1.080	21%
Verðbréf til áhættuvarna	6.942	5.851	19%	4.048	71%
Verðbréf samtals	99.223	86.541	15%	154.387	(36%)

Hækkunin er einkum tilkomin vegna breytinga í lausafjárstýringu bankans á tímabilinu og viðbót í hlutabréfastöðu vegna skráningar og endurflokkunar á eignarhlut bankans í HB Granda hf.

Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Eignir sem teljast til *fastafjármuna til sölu og aflögðrar starfsemi* námu 4.210 milljónum króna í lok september 2014 samanborið við 10.046 milljónir króna í lok árs 2013. Helstu eignir undir þessum flokki eru nú nær eingöngu fasteignir. Lækkun frá árslokum 2013 er tilkomin vegna sölu og skráningar á hlutabréfum í HB Granda hf., en bankinn átti 31% hlut í félaginu í árslok 2013. Í apríl seldi bankinn 18,8% hlut í félaginu í tengslum við skráningu þess á Aðalmarkað Nasdaq Íslandi. Eignarhlutur bankans í lok september er færður meðal verðbréfaeigna.

Skuldir og eigið fé

Skuldir og eigið fé					
Í milljónum króna	30.09.2014	31.12.2013	Breyt.%	30.09.2013	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	21.131	28.000	(25%)	28.548	(26%)
Innlán frá viðskiptavinum	482.518	471.866	2%	471.768	2%
Fjárskuldir á gangvirði	6.038	8.960	(33%)	9.834	(39%)
Aðrar skuldir	49.567	48.591	2%	47.033	5%
Lántaka	191.947	204.568	(6%)	206.065	(7%)
Víkjandi skuldir	31.205	31.918	(2%)	32.809	(5%)
Eigið fé	159.765	144.947	10%	140.887	13%
Skuldir og eigið fé samtals	942.171	938.850	0%	936.944	1%

Heildarskuldir námu 782.406 milljónum króna í lok september 2014 samanborið við 793.903 milljónir króna í árslok 2013.

Innlán

Heildarinnlán námu 503.649 milljónum króna í lok september 2014 samanborið við 499.866 milljónir króna í árslok 2013. Bankanum hefur tekist að halda sínum hlut í heildarinnstæðum á markaði í mjög virku samkeppnisumhverfi.

Lántaka

Lántaka bankans nam 191.947 milljónum króna samanborið við 204.568 milljónir króna í lok árs 2013. Lækkunin er einkum tilkomin vegna uppgreiðslu á sértryggðum verðtryggðum skuldabréfum upp á 20 milljarða króna í júlí, en á móti gaf bankinn út 10 milljarða óverðtryggð sértryggð skuldabréf, sem eru til greiðslu árið 2015. Þá lækkaði lántakan einnig vegna sölu á fasteignafélaginu Landfestum ehf. út úr samstæðu bankans en Landfestar voru með skráða útgáfu upp á tæpa 3 milljarða króna. Snemma á árinu 2014 fékk bankinn lánshæfiseinkunn frá alþjóðlega lánshæfisfyrirtækinu Standard & Poor's,



fyrstur íslenskra banka í ríflega fimm ár. Einkunnin BB+ var svo staðfest af lánsþæfisfyrirtækinu í október sl. og horfum bankans breytt úr stöðugum í jákvæðar. Þetta lánsþæfismat mun auka möguleika bankans á lánsfjármörkuðum á næstu misserum, bæði innanlands og utan.

Víkjandi lántaka

Víkjandi lántaka bankans nam 31.205 milljónum króna í lok september 2014 samanborið við 31.918 milljónir króna í árslok 2013. Breytingin er eingöngu tengd hreyfingum á gengi erlendra mynta sem lánin tengjast.

Eigið fé

Eigið fé bankans nam 159.765 milljónum króna í lok september 2014 samanborið við 144.947 milljónir króna í lok árs 2013. Á öðrum ársfjórðungi greiddi bankinn út arð til hluthafa og nam arðgreiðslan 7.811 milljónum króna. Önnur breyting eigin fjár skýrist af afkomu tímabilsins. Eiginfjárhlutfall bankans, reiknað samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins, nam 24,6% í lok tímabilsins en lögbundið lágmark er 8%.

Kennitöluyfirlit

Kennitölur	9 mán. '14	2013	9 mán. '13
Arðsemi eigin fjár	19,9%	9,2%	10,0%
Arðsemi eigna	3,2%	1,4%	1,5%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,9%	2,9%	2,9%
Vaxtamunur á heildareignir	2,6%	2,6%	2,7%
Kostnaðarhlutfall	48,7%	57,3%	57,6%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	2,6%	2,8%	2,6%
Virkur tekjuskattur	19,8%	17,2%	21,5%
CAD hlutfall (Eiginfjárhlutfall FME)	24,6%	23,6%	23,6%
Tier 1 hlutfall	20,3%	19,2%	19,5%
Vandræðalán	4,6%	6,3%	8,2%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	77,4%	76,8%	73,7%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	135,2%	134,7%	122,1%
Meðalfjöldi stöðugilda - samstæða	1.130	1.159	1.164
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.135	1.145	1.139
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	898	923	927
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	899	911	906

Fjárhagsdagatal

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Ársuppgjör 2014	24. febrúar 2015
Aðalfundur 2015	19. mars 2015
Árshlutauppgjör 1F 2015	12. maí 2015
Árshlutauppgjör 2F 2015	26. ágúst 2015
Árshlutauppgjör 3F 2015	11. nóvember 2015

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.